

MINNISBLAÐ

Til formanns borgarráðs

Frá endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Dags. 12.9.2025


Endurskoðunarnefnd hefur á þessu ári haft til umfjöllunar samþykkt nefndarinnar, sem og samþykkt um Innri endurskoðun og ráðgjöf og um innri endurskoðanda, í kjölfar skipulagsbreytinga á skrifstofunni sem tóku gildi 1. apríl 2025. Jafnframt hefur verið unnið að undirbúningi ráðningar í embætti innri endurskoðanda. Í þeirri vinnu hafa komið upp ýmis álitamál sem nauðsynlegt er að ræða og endurskoða, með það að markmiði að tryggja að fyrirkomulag innri endurskoðunar hjá samstæðu Reykjavíkurborgar sé í samræmi við gildandi lög, reglur og alþjóðlega staðla um innri endurskoðun.

1. Skipurit Reykjavíkurborgar


Þann 1. janúar 2023 voru gerðar breytingar á skipuriti Reykjavíkurborgar þar sem innri endurskoðandi var færður í sömu línu og borgarstjóri. Í skipuritinu sem féll úr gildi var innri endurskoðandi hins vegar staðsettur beint undir borgarráði. Sú staða var á sínum tíma valin til að undirstrika stjórnskipulega óháða stöðu hans innan stjórnkerfisins, í samræmi við samþykkt borgarstjórnar frá 15. júní 2021 um Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar og innri endurskoðanda. Þar kemur fram að innri endurskoðandi starfar í umboði borgarráðs, er engum háður í störfum sínum og nýtur faglegs sjálfstæðis gagnvart allri stjórnsýslu borgarinnar, þ.á m. borgarstjóra.

Endurskoðunarnefnd gerir athugasemd við þessar breytingar, þar sem þær gefa til kynna að ekki sé fylgt leiðbeiningum um góða stjórnarhætti og alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun. Samkvæmt stöðlunum er skýrt kveðið á um að innri endurskoðandi eigi að vera stjórnskipulega óháður og heyra beint undir stjórn. Slík staða er nauðsynleg til að tryggja að innri endurskoðandi geti veitt óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf til borgarráðs og stjórna B-hluta félaga, án íhlutunar frá framkvæmdastjórn. Endurskoðunarnefnd telur að Innri endurskoðun og ráðgjöf ætti að heyra beint undir borgarstjórn í samræmi við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun og góða stjórnarhætti.

Eldra skipurit Reykjavíkurborgar



Núgildandi skipurit Reykjavíkurborgar



Að auki leggur endurskoðunarnefnd til að nefndin verði sýnileg í skipuritinu, staðsett undir borgarstjórn og í tengingu við innri endurskoðanda. Þetta er í samræmi við samþykkt nefndarinnar frá 20. desember 2011, þar sem kveðið er á um að nefndin sé skipuð óháðum fulltrúum kjörnum af borgarstjórn. Meginhlutverk hennar er að leggja mat á gæði og skilvirkni innri endurskoðunar, m.a. með tillögugerð um ráðningu og uppsögn innri endurskoðanda og tillögum um fjárhag skrifstofunnar.

2. Breytingar á samþykkt endurskoðunarnefndar

Þann 2. september 2025 voru samþykktar breytingar á samþykkt endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar í borgarráði, án samráðs við nefndina. Umræddar breytingar voru gerðar á 2. gr. samþykktarinnar en í henni kom fram að endurskoðunarnefnd skuli **setja fram tillögu til borgarstjórnar** um val á ytri endurskoðendum og að ráðningu innri endurskoðanda. Þessu var breytt í að endurskoðunarnefnd veitir borgarráði og borgarstjórn **umsögn um tillögu ráðgefandi hæfnisnefndar** við ráðningu innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar. Endurskoðunarnefnd telur að sú málsmeðferð og umræddar breytingar samræmist hvorki viðeigandi reglum né alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun.

Þann 10. september 2025 afturkallaði skrifstofa borgarstjórnar afgreiðslubréf, dags. 4. september 2025, sem fjallaði um samþykkt borgarstjórnar á breytingunum. Jafnframt var tilkynnt að á næsta fundi borgarstjórnar yrði lögð fram leiðrétting á afgreiðslunni.

3. Breytingar á reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda janúar 2025

Borgarráð samþykkti þann 16. janúar 2025 breytingar á reglum um réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar, þar sem innri endurskoðandi er skilgreindur sem hluti af hópi æðstu stjórnenda. Samkvæmt 2. gr. reglnanna fer ráðningarferlið eftir reglum borgarráðs um ráðningar í æðstu stjórnendastöður, þar sem borgarstjóri leggur fram tillögur um auglýsingu, skipan ráðgefandi hæfnisnefndar og áætlun um ráðningarferli (sbr. 3. gr.), og að fenginni skýrslu hæfnisnefndar gerir borgarstjóri tillögu um ráðningu í starfið til samþykktar í borgarráði (sbr. 7. gr.).

Endurskoðunarnefnd telur að þessi breyting, að færa innri endurskoðanda undir borgarstjóra, stangist á við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun og reglur um góða stjórnarhætti. Betur færi á að í samþykkt um Innri endurskoðun og ráðgjöf og innri endurskoðanda komi skýrt fram að sömu réttindi og skyldur æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar sem fjallað er um í reglunum gildi einnig um innri endurskoðanda.

4. Ráðningarferli innri endurskoðanda

Í 1. gr. samþykktar um Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar og innri endurskoðanda frá 2021 kemur fram að borgarráð hafi það hlutverk, skv. 74. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp, að ráða innri endurskoðanda. Í 2. gr. samþykktar fyrir endurskoðunarnefnd kemur fram að



hún skuli setja fram tillögu til borgarstjórnar um ráðningu innri endurskoðanda. Í 6. gr. samþykktar endurskoðunarnefndar kemur einnig fram að nefndin geri tillögu til borgarstjórnar varðandi ráðningu og uppsögn innri endurskoðanda, auk þess sem nefndin hafi eftirlit með skrifstofu hans.

Í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja frá 1. júlí 2021 og alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun er það grundvallaratriði að endurskoðunarnefnd í umboði stjórnar annist ráðningu og starfslok innri endurskoðanda. Með því er verið að tryggja stjórnskipulegt óháði innri endurskoðanda gagnvart framkvæmdastjórn og öðrum stjórnendum. Það er forsenda þess að hann geti veitt óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf um stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit, í samræmi við hlutverk sitt og ábyrgð gagnvart hagsmunaaðilum og almenningi. Þá er það og grundvallarskilyrði til að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar teljist starfa í samræmi við alþjóðlega staðla um innri endurskoðun.

Endurskoðunarnefnd telur að hún eigi að annast ráðningu í starf innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar. Með því er átt við að samþykkja auglýsingu um starfið, skipa óháða einstaklinga í hæfnisnefnd og gera á grundvelli niðurstöðu hæfnisnefndar tillögu til borgarstjórnar um ráðningu í embættið. Þá er lagt til að mannauðs- og starfsumhverfisvið borgarinnar leggi hæfnisnefndinni til ritara.



Viðauki I

Alþjóðlegir staðlar um innri endurskoðun útgefnir af Alþjóðasamtökum innri endurskoðenda 2024

[globalinternalauditstandards_2024january9_editable.pdf](#)

Standard 7.1 Organizational Independence

Requirements

The chief audit executive must confirm to the board the organizational independence of the internal audit function at least annually. This includes communicating incidents where independence may have been impaired and the actions or safeguards employed to address the impairment.

The chief audit executive must document in the internal audit charter the reporting relationships and organizational positioning of the internal audit function, as determined by the board. (See also Standard 6.2 Internal Audit Charter.)

The chief audit executive must discuss with the board and senior management any current or proposed roles and responsibilities that have the potential to impair the internal audit function's independence, either in fact or appearance. The chief audit executive must advise the board and senior management of the types of safeguards to manage actual, potential, or perceived impairments.

When the chief audit executive has one or more ongoing roles beyond internal auditing, the responsibilities, nature of work, and established safeguards must be documented in the internal audit charter. If those areas of responsibility are subject to internal auditing, alternative processes to obtain assurance must be established, such as contracting with an objective, competent external assurance provider that reports independently to the board.

When the chief audit executive's nonaudit responsibilities are temporary, assurance for those areas must be provided by an independent third party during the temporary assignment and for the subsequent 12 months. Also, the chief audit executive must establish a plan to transition those responsibilities to management.

If the governing structure does not support organizational independence, the chief audit executive must document the characteristics of the governing structure limiting independence and any safeguards that may be employed to achieve this principle.

Essential Conditions

Board

- Establish a direct reporting relationship with the chief audit executive and the internal audit function to enable the internal audit function to fulfill its mandate.
- Authorize the appointment and removal of the chief audit executive.
- Provide input to senior management to support the performance evaluation and remuneration of the chief audit executive.
- Provide the chief audit executive with opportunities to discuss significant and sensitive matters with the board, including meetings without senior management present.

Global IIA Guidance - Model Internal Audit Charter Tool and User's Guide

Board Oversight

[USER'S NOTE: Due to the Global Internal Audit Standards' "essential conditions," board responsibilities should be included in the internal audit charter. However, if an audit committee charter that outlines its responsibilities is already in place, it is not necessary to repeat the information in this charter.]

To establish, maintain, and ensure that [name of organization]'s internal audit function has sufficient authority to fulfill its duties, the board will:

- Discuss with the chief audit executive and senior management the appropriate authority, role, responsibilities, scope, and services (assurance and/or advisory) of the internal audit function.
- Ensure the chief audit executive has unrestricted access to and communicates and interacts directly with the board, including in private meetings without senior management present.
- Discuss with the chief audit executive and senior management other topics that should be included in the internal audit charter.
- Participate in discussions with the chief audit executive and senior management about the "essential conditions," described in the Global Internal Audit Standards, which establish the foundation that enables an effective internal audit function.
- Approve the internal audit function's charter, which includes the internal audit mandate and the scope and types of internal audit services.
- Review the internal audit charter [periodically] with the chief audit executive to consider changes affecting the organization, such as the employment of a new chief audit executive or changes in the type, severity, and interdependencies of risks to the organization; and approve the internal audit charter [periodically (typically annually)].
- Approve the risk-based internal audit plan.
- Approve the internal audit function's human resources administration and budgets.
- Approve the internal audit function's expenses.
- Collaborate with senior management to determine the qualifications and competencies the organization expects in a chief audit executive, as described in the Global Internal Audit Standards.
- ✓ • Authorize the appointment and removal of the chief audit executive.
- Approve the remuneration of the chief audit executive.
- Review the chief audit executive's performance.
- Receive communications from the chief audit executive about the internal audit function including its performance relative to its plan.



Leiðbeiningar – Stjórnarhættir fyrirtækja 6. útgáfa

Leiðbeiningar – Stjórnarhættir fyrirtækja – Leiðbeiningar

Hlutverk endurskoðunarnefndar

5.3.6 Endurskoðunarnefnd skal fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafa frá stjórnendum, innri endurskoðun og ytri endurskoðendum. Nefndin skal staðreyna að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, stöðu og framtíðarhorfur félagsins séu áreiðanlegar og gefi sem gleggsta mynd af stöðu félagsins á hverjum tíma.

5.3.7 Endurskoðunarnefnd skal árlega hafa forgöngu um sameiginlegan fund stjórnar, nefndarinnar og ytri endurskoðenda, án viðveru daglegra stjórnenda.

5.3.8 Hlutverk og helstu verkefni endurskoðunarnefndar skulu tilgreind í starfsreglum hennar en nefndin skal m.a. hafa eftirfarandi hlutverk³⁵ án tillits til ábyrgðar stjórnar, stjórnenda eða annarra:

Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.

Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits félagsins, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustjórnun.

Hafa eftirlit með og yfirfara endurskoðun ársreikninga og samstæðureikninga.

Mat á óhæði ytri endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum ytri endurskoðenda eða endurskoðunarfyrirtækis. Skal nefndin við matið m.a. líta til þeirra atriða sem tiltekin eru í lið 2.3.

Setja fram tillögu til stjórnar um val á ytri endurskoðendum eða endurskoðunarfyrirtæki.

Skýring: Önnur hlutverk nefndarinnar geta verið eftirfarandi, ef við á:

- Meta reikningsskil og skýrslugerð stjórnenda um fjármál félagsins.
 - Hafa eftirlit með áhættugreiningu og viðbrögðum við áhættu.
 - Fylgja eftir úrbótum á annmörkum sem fram koma á innra eftirliti.
 - ✓ - Meta þörf á og annast ráðningu innri endurskoðanda.
 - Sjá um samskipti og eftirlit gagnvart innri endurskoðun og ytri endurskoðendum.
 - Meta störf innri og ytri endurskoðenda félagsins.
-

5.3.9 Nánar skal kveðið á um framkvæmd hlutverka endurskoðunarnefndar í starfsreglum þeim sem nefndin setur sér.